Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 28. september 2026
2212624/102.16 VBG

Efni: Tillögur að áherslum Forvarnarsjóðs Kópavogs og tímasetningar vegna úthlutunar úr sjóðnum 2026.

Forvarnarsjóður Kópavogs – áherslur og úthlutun 2026
Samkvæmt úthlutunarreglum Forvarnarsjóðs Kópavogs eru styrkir veittir til verkefna sem stuðla að bættri lýðheilsu og efla forvarnir, heilsu og vellíðan Kópavogsbúa. Verkefni skulu uppfylla að minnsta kosti eina af áherslum sjóðsins, þar á meðal að stuðla að markvissu samstarfi íbúa, barna og ungmenna, félagasamtaka og fyrirtækja í þágu forvarna. Jafnframt er gert ráð fyrir verkefnum sem mæta þeim áherslum sem menntaráð setur hverju sinni.

Lagt er til að áherslur sjóðsins við úthlutun árið 2026 taki mið af:
- Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Menntastefnu Kópavogsbæjar
- Lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar
- Lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Áherslur við val verkefna
Við mat á umsóknum verði sérstaklega horft til verkefna sem:
- stuðla að forvörnum, lýðheilsu, geðrækt og vellíðan barna og ungmenna,
- efla samstarf og samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna,
- styðja við samstarf skóla- og frístundastarfs,
- tryggja virka þátttöku barna og ungmenna í undirbúningi og/eða framkvæmd verkefna.

Ráðstöfunarfé
Samkvæmt úthlutunarreglum Forvarnarsjóðs Kópavogs er ákveðin fjárhæð innan ráðstöfunarfjár sjóðsins ætluð forvarnarverkefnum barna og ungmenna.

Tillaga að tímasetningum
- Auglýsing um umsóknir: 22. október 2026
- Umsóknarfrestur: til og með 10. nóvember 2026
- Fundur valnefndar: 17. nóvember 2026
- Afhending styrkja: fyrir lok nóvember 2026.

Valnefnd
Menntaráð kýs valnefnd samkvæmt reglum sjóðsins. Í valnefnd sitja:
- einn fulltrúi meirihluta,

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

- einn fulltrúi minnihluta,
- einn fulltrúi foreldra,
- þrír fulltrúar ungmennaráðs.

Fulltrúar menntaráðs eru jafnframt hvattir til að dreifa auglýsingu um styrkjaumsóknir.

Virðingarfyllst,

_____
Victor Berg Guðmundsson
Deildastjóri frístundadeildar

Rafræn skilríki

Undirritað af: Victor Berg Guðmundsson

Tími: 16.10.2026 9:36
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign